



Akureyrbær

Samþykkt um bifreiðastæðasjóð Akureyrbæjar

I. kafli Um samþykktina og orðskýringar

1. gr.

Samþykkt þessi kveður á um stjórn og stjórnsýslu bifreiðastæðasjóðs Akureyrbæjar, gjaldsvæði, gjald- og ógjaldskyld bifreiðastæði, íbúakort, fastleigusvæði, græn bifreiðastæði og rafmagnshleðslustæði, stæði fyrir hópferðabifreiðar, stæði fyrir hreyfihamlaða, reiðhjólastæði, bifreiðastæðahús og eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjaldi og stöðubrotagjaldi.

2. gr. Orðskýringar

- a. *Bifreiðastæði* er svæði með reitum til að leggja bifreiðum. Á bifreiðastæði er óheimilt að leggja bifreiðum annars staðar en á merktum reitum.
- b. *Stöðumælastæði* er bifreiðastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald samkvæmt gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs Akureyrbæjar.
- c. *Klukkustæði* er bifreiðastæði merkt sem slíkt, þar sem heimilt er að leggja bifreiðum án gjalda í tiltekinn tíma.
- d. *Gjaldsvæði* afmarkar svæði gjaldskyldra bifreiðastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi gjald/klst., gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma.
- e. *Gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs* Akureyrbæjar gildir fyrir gjaldskyld bifreiðastæði, þ.m.t. stöðumælastæði, fastleigustæði, hópferðabifreiðastæði og umsýslukostnað við útgáfu fastleigustæða- og íbúakorta.
- f. *Gjaldskyldutími* er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi. Gjaldskyldutími getur verið breytilegur eftir gjaldsvæðum.
- g. *Íbúakortasvæði* er gjaldsvæði þar sem íbúakort gilda.
- h. *Íbúakort* veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bifreiðastæði innan þess svæðis sem íbúakortið tekur til.
- i. *Fastleigustæði* eru gjaldskyld bifreiðastæði, þar sem handhöfum fastleigukorts er heimilt að leggja bifreiðum á skilgreindu fastleigusvæði.
- j. *Stæði fyrir hópferðabifreiðar* eru bifreiðastæði og/eða svæði þar sem aðeins er heimilt að leggja hópferðabifreiðum.
- k. *Græn stæði og rafmagnshleðslustæði* eru bifreiðastæði fyrir bifreiðar sem eingöngu ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni eða metani.
- l. *Stæði fyrir hreyfihamlaða* eru sérmerkt bifreiðastæði þar sem framvísa þarf stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða til þess að hafa heimild til að leggja í stæðin.
- m. *Reiðhjólastæði* eru stæði þar sem hægt er að leggja reiðhjólum og læsa þeim án gjaldskyldu.

II. kafli
Stjórn, stjórnsýsla, hlutverk og tekjur sjóðsins

3. gr.

Bifreiðastæðasjóður Akureyrarbæjar er í eigu Akureyrarbæjar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá fyrir bifreiðastæðasjóð sem kveður á um gjaldskyldu á hverju gjaldsvæði, gjaldskyldutíma ásamt gjaldi fyrir fastleigustæði og stjórnsýslukostnað við útgáfu fastleigustæða og íbúakorta. Bæjarstjórn gerir jafnframt tillögu að gjaldskrá aukastöðugjalds og stöðubrota í gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs og sendir ráðherra til staðfestingar.

Skipulagsráð gerir tillögur um gerð og staðsetningu gjaldsvæða og bifreiðastæða samkvæmt samþykkt þessari.

Umhverfis- og mannvirkjasvið sér um daglegan rekstur sjóðsins og framkvæmdir á vegum hans.

Fjársýslusvið sér um innheimtu gjalda og afgreiðir andmæli við aukastöðu- og stöðubrotagjöldum og ræður stöðumælaverði.

4. gr.

Verkefni bifreiðastæðasjóðs Akureyrarbæjar er að eiga og reka gjaldskyld og ógjaldskyld bifreiðastæði og bifreiðastæðahús fyrir almenning innan bæjarins.

5. gr.

Kostnaður vegna bifreiðastæða, sem skylt er að greiða úr bifreiðastæðasjóði skv. "Samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri" frá 12. janúar 2017, skal bókfærast hjá sjóðnum sem og vegna annarra bifreiðastæða skv. nánari ákvörðun bæjarráðs.

Kostnaður við byggingu og rekstur bifreiðastæðahúsa og annarra bílskýla fyrir almenning á vegum bæjarins skal einnig bókfærður hjá sjóðnum, svo og ef svæði eða fasteign er leigð af einkaaðilum undir bifreiðastæði.

Til bifreiðastæðasjóðs skulu renna tekjur af stöðumælastæðum og leigu stöðureita, aukastöðugjald og sektir vegna stöðubrota.

Til sjóðsins renna enn fremur tekjur af leigu bifreiðastæða, jafnt fastleigustæði sem og stæði í bifreiðastæðahúsum í eigu sjóðsins, sem leigð eru til lengri eða skemmrí tíma.

ENN fremur getur verið um að ræða framlog úr bæjarsjóði eða lántökur með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðar með veði í mannvirkjum, sem bókfærð eru hjá bifreiðastæðasjóði.

III. kafli
Um bifreiðastæði

6. gr.

Bifreiðastæði í samþykktum þessum geta verið:

- a. gjaldskyld bifreiðastæði, í takmarkaðan tíma (stöðumælastæði)
- b. ógjaldskyld bifreiðastæði til skammtímastöðu (klukkustæði)
- c. gjaldskyld bifreiðastæði til langtímastöðu (fastleigustæði)
- d. gjaldskyld og ógjaldskyld bifreiðastæði fyrir hópferðabifreiðar
- e. gjaldskyld bifreiðastæðahús og bílskýli
- f. ógjaldskyld bifreiðastæði á svæðum flokkuðum í flokk A

- g. ógjaldskyld bifreiðastæði á svæðum flokkuðum í flokk B
- h. græn bifreiðastæði.

Tegund hvers svæðis, flokkun þess og skilgreining á notkun er skýrð nánar með korti og skýringum á heimasíðu Akureyrarbæjar.

7. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með hvítum 100 mm breiðum línum, heilum, brotnum eða hellurönd. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna. Bifreiðastæði geta einnig verið tilgreind með umferðarskilti.

Bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt með umferðarmerki. Jafnframt er heimilt að merkja stæðin með áletrun til samræmis við merkið.

IV. kafli

Gjaldskyld stöðumælastæði

8. gr.

Stöðumælastæði eru bifreiðastæði á gjaldskyldum svæðum.

Um gjaldskyld svæði, gjaldskyldutíma og gjald fyrir að leggja í gjaldskyld bifreiðastæði gilda ákvæði gjaldskrár bifreiðastæðasjóðs sbr. 11. gr.

Ákvarðanir um það hvaða bifreiðastæði séu gjaldskyld og í hvaða verðflokki þau lenda eru byggðar á gögnum um nýtingu bifreiðastæða í landi Akureyrarbæjar. Um nánari skilgreiningar á því er vísað til Verklagsreglna um breytingar á gjaldskyldu og annari flokkun bifreiðastæða.

9. gr.

Stöðumælar er vél- og hugbúnaður þar sem keyptur er aðgangur að bifreiðastæði í tiltekinn tíma með rafrænum greiðslulausnum eða greiðslukorti.

10. gr.

Rafrænar greiðslulausnir eða stöðumælar eru notaðir til að greiða fyrir gjaldskyld bifreiðasvæði. Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælastæði fyrir hvers konar vélknúin ökutæki þ.m.t. tengivagna.

11. gr.

Bæjarráð ákveður gjald í gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs fyrir stöðu ökutækis á stöðumælastæðum eftir gjaldsvæðum og hvað ökutæki má standa þar lengi samfellt og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

12. gr.

Ef stöðumælar er þannig gerður að úr honum kemur miði með áletrun um þann tíma er greitt var í mælinn eða þau tímamörk, sem greitt hefur verið fyrir, skal ökumaður setja miðann á mælaborð við framrúðu bifreiðarinna, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

Ef stöðumælar eða smáforrit er þannig gert að hægt er að skrá skráningarnúmer bifreiðar þarf ekki að setja áletraðan miða á mælaborð bifreiðar.

13. gr.

Á skilti við gjaldskyld bifreiðastæði skal greinilega letrað hvort gjaldskyldusvæði er P1, P2 eða P3 og á hvaða tíma er gjaldskylda.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælastæði lengur en þann tíma, sem tilgreindur er.

Hafi bifreið staðið án greiðslu eða of lengi á stæðinu er innheimt aukastöðugjald samkvæmt gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs.

V. kafli **Klukkustæði**

14. gr.

Klukkustæði eru bifreiðastæði þar sem heimilt er að leggja bifreiðum án gjalda í tiltekinn tíma, skv. því sem tilgreint er á skiltum við bifreiðastæðin. Ekkert ökutæki má standa á klukkustæði lengur en þann hámarkstíma, sem lettraður er á viðkomandi skilti.

15. gr.

Bæjarráð ákveður í gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs hvað ökutæki megi standa lengi samfellt á klukkustæðum. Lögreglustjóri getur breytt þessu ákvæði þegar sérstaklega stendur á.

Hafi bifreið staðið of lengi á stæðinu og/eða er án framrúðuklukku er innheimt aukastöðugjald samkvæmt gjaldskrá stöðubrota.

16. gr.

Ökumanni bifreiðar, sem lagt hefur verið á klukkustæði, er skylt að hafa bifreiðastæðaklukku á framrúðu eða á mælaborði við framrúðu bifreiðarinna, þannig að hún sé vel sýnileg utan frá.

17. gr.

Bifreiðastæðaklukka er spjald úr pappa og/eða plasti, sem sérstaklega er gert til að sýna tímasetningar. Heimilt er að nota aðrar bifreiðastæðaklukkur á klukkustæðum Akureyrarbæjar en þær sem gefnar eru út af Akureyrarbæ, m.a. handritaða miða sem sýna stöðu þegar lagt er í stæði. Óheimilt er að nota rafrænar klukkur sem framlengja tíma sem lagt er í stæði sjálfkrafa.

18. gr.

Ökumanni bifreiðar, sem lagt hefur verið á klukkubifreiðastæði er skylt að sýna með vísi á bifreiðastæðaklukku hvenær bifreiðinni var lagt á bifreiðastæðið. Óheimilt er að breyta stillingu vísins áður en bifreiðin yfirgefur bílastæðið.

19. gr.

Bifreiðastæðaklukkur skulu vera til afhendingar í þjónustuveri bæjarins og/eða annars staðar eftir því sem henta þykir. Heimilt er að innheimta gjald fyrir bifreiðastæðaklukkur samkvæmt gjaldskrá.

VI. kafli
Ógjaldskyld stæði og gjaldskyld stæði utan gjaldskyldutíma

20. gr.

Heimilt er að leggja án gjaldskyldu á bifreiðastæðum ógjaldskyldra svæða í miðbænum og utan gjaldskyldutíma á gjaldskyldum stæðum.

21. gr.

Óheimilt er að leggja stórvirkum vinnubifreiðum, vinnuvélum, eftir- og tengivögnum, hópferða- og vörufutningabifreiðum, hjólhýsum, dráttarkerrum, bátum o.p.h. skráðum ökutækjum á ógjaldskyldum bifreiðastæðum í miðbænum og á gjaldskyldum bifreiðastæðum utan gjaldskyldutíma.

Óheimilt er að leggja bifreiðum til lengri tíma en þrjá sólarhringa (til geymslu) á ógjaldskyldum stæðum á svæðum af flokki A.

Óheimilt er að leggja bifreiðum til lengri tíma en tíu sólarhringa (til geymslu) á ógjaldskyldum stæðum á svæðum af flokki B.

VII. kafli
Fastleigustæði

22. gr.

Fastleigustæði eru gjaldskyld bifreiðastæði, þar sem heimilt er að leggja bifreiðum á skilgreindu fastleigusvæði ótímabundið. Fastleigustæði eru ekki sérmerkt þeim sem er með fastleigukort innan fastleigusvæðis.

23. gr.

Fyrir fastleigustæði er greitt leigugjald sem bæjarráð ákveður í gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs.

24. gr.

Sótt er um fastleigukort hjá bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar, á sérstöku umsóknareyðublaði í þjónustugátt. Uppsögn á fastleigukorti er einnig rafræn.

Gagn greiðslu leigugjalds fyrir fastleigustæði er gefið út rafrænt fastleigukort.

VIII. kafli
Stæði fyrir hópferðabifreiðar

25. gr.

Stæði fyrir hópferðabifreiðar eru bifreiðastæði þar sem heimilt er að leggja hópferðabifreiðum og stærri bílum eftir því sem ákveðið verður.

Heimilt er að ákveða að leggja megi hópferðabifreiðum, hjólhýsum og fellihýsum á bifreiðastæði tiltekinna grunnskóla frá 10. júní til 15. ágúst, án gjaldtöku. Sé ákvörðun tekin, skal hún kynnt opinberlega.

26. gr.

Bifreiðastæðasjóði er heimilt að taka leigugjald fyrir hópferðabifreiðastæði, ýmist tímaleigugjald eða fast gjald samkvæmt gjaldskrá.

Sótt er rafrænt um fastleigukort hjá bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar, á sérstöku umsóknareyðublaði í þjónustugátt.

Séu bifreiðastæðin notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald.

IX. kafli Bifreiðastæðahús og bílskýli

27. gr.

Bæjarráð getur falið bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar að byggja og reka bifreiðastæðahús og bílskýli.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bifreiðastæðahúsum og bílskýlum, sem byggð eru af Akureyrarbæ fyrir reikning bifreiðastæðasjóðs. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bifreiðastæði í bifreiðastæðahúsinu skv. nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Réttthafi bifreiðastæðis í bifreiðastæðahúsi á vegum bifreiðastæðasjóðs greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

28. gr.

Notendur bifreiðastæðahúsa og bílskýla í eigu bifreiðastæðasjóðs skulu greiða leigu fyrir notkun þeirra skv. gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs, sem bæjarráð ákveður, jafnframt ákveður bæjarráð hvenær þau eru opin.

29. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabifreiðastæðahúsa og einkabílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum bifreiðastæðasjóðs hluta sólarhringsins. Einnig er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeild í bifreiðastæðahúsum annarra og áframleiga bifreiðastæði þar til notenda bifreiðastæðanna.

X. kafli Íbúakort

30. gr.

Þeir íbúar sem eru með lögheimili innan afmarkaðs reits sbr. gjaldskrá bifreiðastæðasjóðs, sem ekki hafa aðgang að bifreiðastæði innan lóðar eða geta á auðveldan hátt ekki útbúið það, geta fengið íbúakort. Kortið veitir þeim heimild til að leggja bifreið sinni á nánar tilgreindum gjaldskyldum stæðum innan þess svæðis sem kortið gildir fyrir.

31. gr.

Kortin eru afhent þinglýstum íbúðareigendum sem eiga lögheimili á hinum merktu svæðum. Leigjandi sem hefur lögheimili og námsmenn sem framvísa staðfestingu frá skóla og hafa búsetu í íbúð á svæðinu, geta fengið íbúakort með því að framvísa þinglýstum leigusamningi.

Aðeins má skrá eitt kort á hverja íbúð og á það skal skráð bílnúmer, þó aldrei fleiri en tvö bílnúmer, kortanúmer og gildistíma. Ef eigandi skiptir um bíl á gildistímanum þarf hann að skrá nýtt bílnúmer rafrænt á íbúakortið.

32. gr.

Sótt er um íbúakort hjá bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar, á sérstöku umsóknareyðublaði í þjónustugátt.

33. gr.

Gildistími korts er eitt ár. Endurnýja þarf íbúakort árlega. Fyrir leigjendur gildir kortið út leigutímann, ef leigutími er styttri en eitt ár.

Ef handhafi íbúakorts flytur lögheimili út af svæðinu fellur kortið úr gildi.

Misnotkun kortsins varðar missi kortsins á eftirstandandi gildistíma þess.

XI. kafli

Græn stæði og rafmagnshleðslustæði

34. gr.

Bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni eða metani, er einum heimilt að leggja í svokölluð græn stæði sem merkt eru með sérstöku skilti. Séu græn stæði innan gjaldskylds svæðis eru þau gjaldskyld.

35. gr.

Séu græn stæði með rafmagnshleðslu gildir það sama um þau og önnur græn stæði að ef þau eru á gjaldskyldu svæði þá eru þau gjaldskyld. Almennt má bifreið ekki standa í rafmagnshleðslustæði í lengri tíma en það tekur að fullhlaða bílinn.

XII. kafli

Stæði fyrir hreyfihamlaða

36. gr.

Handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða (P-korta) er einum heimilt að leggja í sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða. Stæðiskortin veita einnig heimild til að leggja í klukku- eða gjaldskyld stæði.

37. gr.

Handhafar stæðiskorta eru undanþegnir tímatakmörkunum og gjaldskyldu.

38. gr.

P-korti skal komið fyrir innan við framrúðu bifreiðar þannig að framhlið þess og gildistími séu vel sýnileg að utan.

XIII. kafli

Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald

39. gr.

Stöðubrot skv. samþykktum þessum eru brot gegn 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

40. gr.

Sérstakir stöðuverðir Akureyrarbæjar, aðrir starfsmenn bifreiðastæðasjóðs og lögreglumenn sjá um eftirlit með stöðum bifreiða, bæði á bifreiðastæðum og annars staðar. Þeir skulu líta eftir því að bifreiðum sé ekki lagt lengur en heimilt er á gjaldskyldum stöðumælastæðum, gjaldfrjálsum bílastæðum með tímamörk og klukkustæðum, og að notendur þeirra hafi greitt tilskilin gjöld þar sem

það á við eða að tímamörk séu virt. Jafnframt skulu þeir líta eftir því að ökutækjum, eftirvögnum, tengitækjum o.þ.u.l., sé ekki lagt ólöglega sbr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

41. gr.

Þegar stöðuvörður eða lögreglumaður verður þess var að ökutæki stendur ólöglega, sbr. 109. gr. laga nr. 77/2019, skal hann afhenda ökumanní þess eða festa við ökutækið tilkynningu um brotið eða senda tilkynningu með sannanlegum hætti til eiganda eða umráðamanns ökutækis, s.s. í heimabanka eiganda. Á tilkynningunni skal taka fram hvar og hvenær brot átti sér stað, hvert brot er, auðkenni ökutækis, svo sem skráningarnúmer og tegund (gerð) og greint frá því að ökumanní sé boðið að ljúka málínu með greiðslu stöðubrotsgjalds í bifreiðastæðasjóð Akureyrarbæjar, hvar og hvernig greiðslu megi inna af hendi svo og fjárhæð gjaldsins og hvernig með verði farið ef greiðsla dregst. Tilkynning skal undirrituð með númeri stöðuvarðar. Á sama hátt skal stöðuvörður eða lögreglumaður tilkynna um aukastöðugjald og stöðubrottagjald.

42. gr.

Bæjarstjórn ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds og sendir ráðherra til staðfestingar.

XIV. kafli

Rekstur bifreiðastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra

43. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabifreiðastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

44. gr.

Heimilt er að leigja út ákveðin bifreiðastæði í eigu sjóðsins til lengri tíma í þeim tilgangi að rekin verði á þeim rafhleðslustæði með sölu á raforku á farartæki sem markmið.

45. gr.

Heimilt er bæjarráði að fengnu leyfi ráðherra að framselja vald sitt skv. IV. kafla til fyrirtækis er tekur að sér eftirlit með stöðubrotum.

XV. kafli

Gildistaka o.fl.

46. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. maí 2024

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 22. febrúar 2024